

um þeim stað, er tilgreind 95. gr. heimilar. Verður því þegar af þeim sökum að vísa máli þessu frá dóm án kröfu. Málskostnaður dæmist ekki.

Þórhildur Lindal, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Máli þess er vísað frá dómi án kröfu. Málskostnaður dæmist ekki.

Mánudaginn 28. febrúar 1983.

Nr.182/1982.

**Ragnhildur Þórólfsdóttir**

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

**Þórönnu Hafðisi Þórólfsdóttur**

(Árni Halldórsson hrl.)

og

**Boga Nilssyni, skiptaráðanda**

**í Suðurmúlasýslu**

(enginn).

Erfðamál. Skipti. Óskilgetin börn.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Hinn áfrýjaða úrskurð kvað upp Inger L. Jónsdóttir, fulltrúi sýslumannsins í Suður-Múlasýslu.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. september 1982. Ágrip máls barst Hæstarétti 17. nóvember 1982.

Áfrýjandi krefst þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og að dæmt verði, að áfrýjandi eigi erfðarétt eftir Þórólf Sölvason. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefndu, Þórönnu Hafðisar Þórólfsdóttur, í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda, Þóranna Hafðis, krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Á hendur skiptaráðdandanum í Suður-Múlasýslu, Boga Nilssyni, eru engar kröfur gerðar, og af hans hálfu eru eigi hafðar uppi kröfur í málinu.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða úrskurði, andaðist Þórólfur Sölvason 4. desember 1981. Var bú hans tekið til opinberra skipta. Lýsti áfrýjandi, sem fædd er 13. janúar 1956, erfðatilkalli í búið, með því að hún telur sig vera óskilgetna dóttur hins látna.

Samkvæmt 1. gr., sbr. 58. gr. erfðalaga nr. 8/1962, sem við eiga um arf eftir Þórólf Sölvason, erfir óskilgetið barn föður, „ef það er fedrað með þeim hætti, sem segir í löggjöf um óskilgetin börn.“ Í máli þessu nýtur eigi við gagna um, að Þórólfur Sölvason hafi gengist lögformlega við faðerni áfrýjanda, og hvorki hefur gengið dómur um faðernið né er sambúð til að dreifa, er jafngilt gæti faðernisviðurkenningu, sbr. 3. gr. laga nr. 87/1947.

Með vísan til framanritaðs og ótvíræðs orðalags 1. gr. erfðalaga nr. 8/1962 ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

#### Úrskurður skiptaréttar Suður-Múlasýslu 10. september 1982.

Sóknaraðili er Ragnhildur Þórólfsdóttir, nnr. 7251-4572, til heimilis að Skólavörðustíg 35, Reykjavík.

Varnaraðili er Þóranna Hafdis Þórólfsdóttir, nnr. 9403-5880, til heimilis að Melbæ 5, Reykjavík.

Dómkröfur sóknaraðilja eru þær, að viðurkenndur verði erfðaréttur hennar eftir Þórólf Sölvason við skipti á dánarbúi hans. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðilja samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Varnaraðili krefst þess, að dómrköfum sóknaraðilja verði hrundið, og þess jafnframt, að dánarbú Þórólfs Sölvasonar verði afhent henni til einkaskipta sem einkaerfingja. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Sáttaumleitanir báru ekki árangur.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fram fór þann 23. ágúst sl.

Þórólfur Sölvason, fyrrum bóndi að Snjóholti í Eiðahreppi, andaðist þann 4. desember 1981. Hann var ókvæntur. Þann 21. maí 1977 gerði hinn látni arfleðsluskrá þess efnis, að systir hans, Þórunn Sölvadóttir, skyldi erfa einn þriðja hluta allra eigna hans eða svo mikinn hluta sem erfðalög frekast leyfðu, ef þeim yrði breytt eða ef hann ætti engan lögerfingja við fráfall sitt. Þórunn Sölvadóttir andaðist þann 15. júní 1978.

Með bréfi, dags. 7. janúar 1982, til hreppstjóra Eiðahrepps óskaði skiptaráðandi Suður-Múlasýslu uppskriftar á búi hins látna. Var jafnframt óskað upplýsinga um börn hins látna, þar sem Ragnhildur Þórólfsdóttir hafði haft samband símleiðis við skiptaráðanda vegna fyrirhugaðrar erfðakröfu sinnar í búið.

Uppskriftargerð fór fram þann 12. janúar sl. að viðstaddri Þórönnu Hafðísi, dóttur hins látna, fæddri 2. október 1941. Óskaði hún eftir því, að sér yrði framselt búið til einkaskipta, þar sem hún vissi ekki betur og byggði á upplýsingum föður síns þar um en að hún væri einkaerfingi hans.

Innköllun til erfingja og skuldheimtumanna búsins var gefin út 22. febrúar sl., og seinast birt í Lögbirtingablaði 26. mars sl. Í þinghaldi 21. júní sl. var lagt fram bréf Ragnhildar Þórólfsdóttur, dags. 25. febrúar 1982, þar sem hún lýsir erfðakröfu í búið. Kröfu hennar var mótmælt af varnaradilja.

Verður nú lýst málavöxtum og málsútlitun aðilja samkvæmt skjölum og gögnum málsins:

Sóknaraðili fæddist 13. janúar 1956 og var skirð 25. maí 1958. Móðir hennar, Þorbjörg Eiríksdóttir, lýsti við skírnina látna, Þórólf Sölvason, föður að barninu. Frá fæðingu til átta ára aldurs átti sóknaraðili heima ásamt móður sinni að Ásgeirstöðum í Eiðahreppi, sem er næsti bær við Snjóholt. Þá fluttust þær að Fossgerði í sömu sveit. Tólf ára að aldri fluttist sóknaraðili með móður sinni til Eskifjarðar.

Í aðiljaskýrslu sóknaraðilja kemur fram, að hún hafi stundað nám við heimavistarskólann að Eiðum frá átta til tólf ára aldurs. Þótt hún hafi ekki haft neitt saman að selda við föður sinn, hafi ekki farið á milli mála, að allir vissu, að hún var dóttir hans. Hún minnst þess, að skólasystur sínar hafi strítt sér á því að vera lausaleiksbarn og dóttir Þórólfs Sölvasonar. Þá hafi kennarar og skólastjóri ekki verið í vafa um, hvers dóttir hún var. Hún nefnir, að Gunnlaugur bóndi á Tókastöðum í Eiðahreppi, frændi Þórólfs, hafi ætíð nefnt sig frænku sína. Þá hafi kona hans kallað sig frænku Gunnlaugs.

Af hálfu sóknaraðilja hefur verið lagt fram fæðingarvottorð, útgefið af Hagstofu Íslands f. h. Þjóðskrár, svohljóðandi: „Hér með vottast, að Ragnhildur Þórólfsdóttir er fædd 13. janúar 1956, skirð 25. maí 1958. Fæðingarstaður Egilsstaðahreppur, Suður-Múlasýslu. Foreldrar Þórólfur

Sölvason og Þorbjörg Eiríksdóttir. Vottorð þetta er gefið samkvæmt skýrslu prests eftir kirkjubók.“

Í aðiljaskýrslu sóknaraðilja segir enn fremur, að nafn þetta hafi komið fram við fermingu sína og við öll önnur tækifæri og þannig ætíð skráð í opinberum skjölum.

Í málinu hefur af hendi sóknaraðilja verið lagt fram bréf, svohljóðandi: „Við undirritaðir sveitungar Ragnhildar Þórólfsdóttur lýsum því yfir, að við höfum aldrei séð ástæðu til að draga faðerni hennar í efa. Enda teljum við, að Þórólfur hefði tæpast látið viðgangast, að hún hefði borið hans nafn, ef hann hefði haft eitthvað við það að athuga.“ Bréf þetta er undirritað af Stefaniu Ósk Jónsdóttur, Eiðum, Helgu Þórhallsdóttur, Ormsstöðum, Önnu Þórhallsdóttur, Ormsstöðum, Guðlaugi Þórhallssyni, Ormsstöðum, Ásmundi Þórhallssyni, Ormsstöðum, Ragnari H. Magnússyni, fyrrverandi oddvita Eiðahrepps, Kristínu Eyjólfsdóttur frá Tókastöðum og Gunnlaugi Sigurbjörnssyni frá Tókastöðum.

Í málinu liggja fyrir vitnaskýrslur, og verður nú rakið það helsta úr þeim: Þorbjörg Eiríksdóttir, móðir sóknaraðilja, ber, að við fæðingu hennar hafi Þórólfur beðið sig að leynd faðerni tímabundið vegna veikinda móður sinnar. Fæðingu Þórönnu Hafðisar hafi móðir hans tekið mjög nærri sér, og óttaðist hann um heilsu hennar. Við skírn sóknaraðilja hafi hún verið skráð hans barn með vitund hans og andmælalaust. Þá hafi Þórólfur aldrei borið brígdur á, að sóknaraðili væri hans barn. Meðlagskröfur kveðst hún aldrei hafa sett fram. Stöðug veikindi heimilisfólksins í Snjóholti hafi valdið því, að hún hafði ekki brjóst í sér til þess. Um tækifærisgjafir hafi ekki verið að ræða. Einu afskipti Þórólfs af sóknaraðilja voru þau, að hann hafi eitt sinn ekið henni til skóla.

Gunnlaugur Sigurbjörnsson, Tókastöðum í Eiðahreppi, telur sig aldrei hafa heyrt í efa dregið, að sóknaraðili væri dóttir Þórólfs, frænda síns. Segist aldrei hafa heyrt nokkuð, sem benti til hins gagnstæða. Faðerni sóknaraðilja hafi aldrei komið beint til tals milli sín og Þórólfs heitins. Reiknað hafi almennt verið með, að hún væri dóttir hans og ekki væri rætt um slíka hluti beint við viðkomendur. Þá telur vitnið, að Þórólfur hefði ekki látið viðgangast, að sóknaraðili kenndi sig við hann, væri hann því ekki samþykkur. Vitnið segir, að um langvarandi veikindi hafi verið að ræða á heimili Þórólfs. Aðspurður getur hann þess, að Tókastaðir, Ásgeirsstaðir og Snjóholt séu nágrannajarðir og lönd þessara jarða liggja saman.

Vitnið Ármann Halldórsson safnvörður, Egilsstöðum, ritstýrði Sveitir og jarðir í Múlaþing. Bent er á af varnaraðilja, að í því riti á bls. 242 (II.b. 1975) séu talin 4 börn Þorbjargar Eiríksdóttur, Ásgeirsstöðum, þ. á m. Jón Guðmundsson og Ragnhildur Þórólfsdóttir. Á bls. 246 í sama riti er Jón tilgreindur sonur Guðmundar Þórarinssonar á Fljótsbakka. Hins vegar sé

Ragnhildur ekki tilgreind dóttir Þórólfs Sölvasonar í Snjóholti á bls. 244 í sama riti. Vitnið upplýsir til skýringar, að ábúendatal hafi verið samið af Eiríki Eiríkssyni frá Dagverðargerði, sem síðan hafi afhent það til sin. Vitnið hafi haft samband við ábúendur og leitað leiðréttinga, ef með þyrfti. Í handriti Eiríks voru dætur Þórólfs í Snjóholti tilgreindar tvær, en Þórólfur lét strika út nafn Ragnhildar. Þórólfur hafi engin skrifleg gögn afhent í þessu sambandi og útstrikunin hafi ekki farið fram í votta viðurvist, en til skýringar hafi hann sagst ekki vera faðir Ragnhildar. Vitninu kveðst hafa verið um það kunnugt (sic), að sóknaraðili var nefnd Þórólfsdóttir.

Ingólfur Njálsson gefur vottorð um að hafa verið náinn kunningi Þórólfs. Hafi hann ekið Þórólfi til flugvallar á Egilsstöðum, er hann fór í sína síðustu ferð. Þá og margoft áður hafi Þórólfur beðið sig að hafa samband við dóttur sína, Þórönnu Hafdís, þegar hann væri allur, svo hún gæti komið og litið eftir eignum hans og tekið ákveðna muni í sína vörslu. Vitnið telur, að Þórólfur hafi fyrst rætt um þetta haustið 1976. Þá kveðst vitnið eitt sinn hafa fært í tal við Þórólf, hvort ekki stæðu fleiri til arfs eftir hann. Því hafi hann svarað neitandi og sagt, að Þóranna Hafdís stæði ein til arfs eftir sig.

Að áskorun sóknaraðilja hefur varnaraðili lagt fram meðlagsúrskurð, dags. 16. júlí 1954, til sönnunar faðerni sínu.

Sóknaraðili telur, að hún sé löglega feðruð með vísan til 1. mgr. 3. gr. laga nr. 87/1947 um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna. Þar komi fram, að viðganga karlmanns, sem kona kennir óskilgetið barn sitt, við faðerni þess geti orðið með þrennum hætti. Tveim af þessum skilyrðum sé fullnægt varðandi sig, þ. e. viðganga fyrir presti og viðganga bréflaga og vottfast. Hvað fyrra atriðið snertir, það að sóknarprestur skírir barn móður, sem er sóknarborn hans, og hún kennir karlmanni, sem einnig er sóknarborn sama prests, og hann skráir athugasemdarlaust, eins og hagi til í þessu máli, þá séu löglíkur fyrir því, að prestur hafi haft fyrir sér samþykki föður í einhverri mynd. Lögin setji því engar skorður, í hverju samþykkið sé fólgið. Varðandi síðara atriðið, bréflaga og vottfast, sé hér nánast átt við, að viðgangan sé sönnuð með sæmilegu móti, sem fari eftir mati dómstóla hverju sinni. Vísar sóknaraðili í því sambandi til framlagðra gagna og vitnaskýrslna.

Varnaraðili mótmælir staðhæfingum og túlkun sóknaraðilja á gildandi réttarreglum um faðerni óskilgetinna barna.

Um erfðarétt óskilgetinna barna eftir föður og föðurfrændur gilda ákvæði 1. tl. 1. gr. erfðalaga nr. 8/1962, sbr. 3. gr. laga nr. 37/1947 um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna. Ákvæði þessi áskilja til gildrar faðernisjátningar, að karlmaður, sem kona kennir barn sitt, gangist við faðerni þess fyrir presti eða valdsmanni eða bréflaga og vottfast.

Telja verður, að þar sem ekki liggur fyrir faðernisjátning hins látna, Þórólfs Sölvasonar, þegar sóknaraðili var skirð eða síðar fyrir presti, geti skilyrðum 1. mgr. 3. gr. laga 37/1947 um það atriði ekki verið fullnægt, eins og sóknaraðili heldur fram. Þá liggur ekki fyrir í máli þessu viðurkenning fyrir valdsmanni. Önnur gögn málsins, vitnisburðir og bréf, hafa ekki að geyma sönnun um faðernisjátningu, sem fullnægi lagaboðum þeim, sem vitnað er til, þótt líkur hafi verið leiddar að því, að Þórólfi Sölvasyni hafi verið um það kunnugt, að sóknaraðili var skráð hans barn og almennt af kunnugum talinn hans barn. Engar skriflegar viðurkenningar hafa komið fram í málinu, sem stafa frá Þórólfi um faðerni sóknaraðilja, og um greiðslu meðlags var ekki að ræða.

Verður ekki talið, að faðerni sóknaraðilja hafi verið staðreynt á þann hátt sem áskilið er í 1. tl. 1. gr. laga 8/1962.

Skilyrði eru því ekki til að veita sóknaraðilja erfðarétt eftir látna, Þórólf Sölvason, og verður krafa hennar um það því ekki tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðilja, Ragnhildar Þórólfsdóttur, um, að viðurkenndur verði erfðaréttur hennar eftir látna, Þórólf Sölvason, er synjað.

Málskostnaður fellur niður.